Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Árm. Héðinsson, Karvel Pálmason, Helgi F. Seljan, Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veizlum sínum.

Greinargerð.

Stöðugt sígur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi, í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.